



## Bæjarstjórn Garðabæjar 14. (854)/2019

Boðað er til 14. (854). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 3. október 2019 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

### Dagskrá:

1. 1909029F - Fundargerð bæjarráðs frá 24/9 '19.  
1908480 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts vegna lóðarinnar við Urriðaholtsstræti 40-42.  
1906365 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts vegna lóðarinnar við Holtsveg 55.  
1903374 - Afgreiðsla skipulagsnefndar um lýsingu vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 er varðar norðurnes Álftaness.
2. 1909039F - Fundargerð bæjarráðs frá 1/10 '19.
3. 1909025F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 20/9 '19.
4. 1909021F - Fundargerð skólanefndar tónlistarskóla frá 19/9 '19.
5. 1901420 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 30/9 '19.
6. 1901407 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 30/8 '19.
7. 1901198 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 27/9 '19.
8. 1901375 - Fundargerðir stjórnar SSH frá 9/9 og 25/9 '19.
9. 1903468 - Jafnlaunastefna 2019
10. 1909437 - Samkomulag um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum.

Gunnar Einarsson,  
bæjarstjóri.

**Bæjarstjórn Garðabæjar**  
**13. (853). fundur 2019**

Fimmtudaginn 19. september 2019 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fengler, Guðfinnur Sigurvinsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson og Harpa Þorsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Sigurður Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 5. september 2019 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1909008F - Fundargerð bæjarráðs frá 10/9 '19.**

Ingvar Arnarson, ræddi 12. tl., bréf Lögmannna á Suðurlandi varðandi sölu á spildu úr landi Búðarflatar.

Fundargerðin sem er 12 tl., er samþykkt samhljóða.

**2. 1909018F - Fundargerð bæjarráðs frá 17/9 '19.**

Enginn tók til máls.

Bæjarstjórn samþykkir samstarfssamning við Skátafélagið Vífil.

Fundargerðin sem er 10 tl., er samþykkt samhljóða.

**3. 1909010F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 10/9 '19.**

Björg Fengler, ræddi 1. tl., endurskoðun samstarfssamnings við UMF Álftanes og 5. tl., endurskoðun forvarnarstefnu Garðabæjar.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., endurskoðun samstarfssamnings við UMF Álftanes og 5. tl., endurskoðun forvarnarstefnu Garðabæjar.

Ingvar Arnarson ræddi 1. tl., endurskoðun samstarfssamnings við UMF Álftanes, 2. tl., viðbótarstyrk til Taflfélags Garðabæjar og 3. tl., vaktaplan fyrir Mýrina.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1. tl., endurskoðun samstarfssamnings við UMF Álftanes og 2. tl., viðbótarstyrk til Taflfélags Garðabæjar

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 2. tl., viðbótarstyrk til Taflfélags Garðabæjar.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 2. tl., viðbótarstyrk til Taflfélags Garðabæjar.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 2. tl., viðbótarstyrk til Taflfélags Garðabæjar.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 2. tl., viðbótarstyrk til Taflfélags Garðabæjar.

Harpa Þorsteinsdóttir ræddi 2. tl., viðbótarstyrk til Taflfélags Garðabæjar.

Björg Fengler, ræddi 7. tl., samstarfssamning við Skátafélagið Vífil.

Fundargerðin lögð fram.

#### **4. 1909005F - Fundargerð leikskólanefndar frá 11/9 '19.**

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 3. tl., dvalargjöld í leikskólum.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 3. tl., dvalargjöld í leikskólum.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 3. tl., dvalargjöld í leikskólum.

Almar Guðmundsson, ræddi 3. tl., dvalargjöld í leikskólum.

Fundargerðin lögð fram.

#### **5. 1909003F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 6/9 '19.**

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 5. tl., minjagarð við Hofsstæði, 6. tl., tónlistarveislu í skammdeginu og 8. tl., beiðni Verðanda leikfélags nemenda í Fjölbrautaskóla Garðabæjar um styrk vegna leiksýningar

Fundargerðin lögð fram.

#### **6. 1909014F - Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks frá 12/9 19.**

Björg Fengler, ræddi 3. tl., ferðapjónustu fyrir fatlað fólk.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 3. tl., ferðapjónustu fyrir fatlað fólk og vakti athygli á minnisblaði sem fram kemur í fundargerðinni að lagt hafi verið fram.

Björg Fengler, ræddi að nýju 3. tl., ferðapjónustu fyrir fatlað fólk.

Fundargerðin lögð fram.

#### **7. 1908036F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 4/9 '19.**

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 2. tl., skólabyrjun og fjölda nemenda 2019-2020, 4. tl., menntadag í Garðabæ, 7. tl., skólaakstur í Garðabæ og 8. tl., áskorun Samtaka grænkera um að bregðast við hamfarahlýnum með því að draga úr neyslu dýraafurða.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 8. tl., áskorun Samtaka grænkera um að bregðast við hamfarahlýnum með því að draga úr neyslu dýraafurða og 3. tl., ferðapjónustu fyrir fatlað fólk.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 3. tl., ytra mat Sjálandsskóla.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 3. tl., ytra mat Sjálandsskóla.

Gunnar Einarsson kom til fundarins kl. 17:40 og vék þá Guðfinnur Sigurvinsson af fundi.

Sara Dögg Svanhildardóttir ræddi að nýju 3. tl., ytra mat Sjálandsskóla.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi að nýju 3. tl., ytra mat Sjálandsskóla.

Fundargerðin lögð fram.

#### **8. 1909007F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 11/9 '19.**

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 2. tl., mengunarmælingar, 4. tl., fjölgun máva, 6. tl., hjóla og gönguteljarara.

Ingvar Arnarson, ræddi 4. tl., mengunarmælingar.

Björg Fenger, ræddi 6. tl., hjóla og gönguteljarara og vakti athygli á hjólaviðgerðarstöndum sem settir hafa verið upp á þremur stöðum í bænum.

Almar Guðmundsson, ræddi 4. tl., fjölgun máva og 6. tl., hjóla og gönguteljarara.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 6. tl., hjóla og gönguteljarara.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi að nýju 6. tl., hjóla og gönguteljarara.

Sigríður Hulda Jónsdóttir ræddi 4. tl., fjölgun máva og 6. tl., hjóla og gönguteljarara.

Ingvar Arnarson, ræddi 6. tl., hjóla og gönguteljarara.

Fundargerðin lögð fram.

#### **9. 1908028F - Fundargerð öldungaráðs frá 28/8 '19.**

Almar Guðmundsson, ræddi 2. tl., aðgerðaráætlun samkvæmt stefnu í málefnum eldri borgara, 3. tl. forvarnarviku í Garðabæ 2019 og 4. tl., tillögu um að gerð verði könnun meðal eldri borgara varðandi nýtingu á þeirri heilsurækt sem í boði er í Garðabæ.

Fundargerðin lögð fram.

#### **10. 1901375 - Fundargerð stórnar SSH frá 2/9 '19.**

Fundargerðin lögð fram.

#### **11. 1901198 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 2/9 '19.**

Jón Sæmundsdóttir, ræddi 1. tl., endurskoðun á fjárfestingar- og fjármögnunaráætlun, 4. tl., bréf Vestmannaeyjabæjar varðandi móttöku úrgangs.

Gunnar Einarsson, ræddi 1. tl., endurskoðun á fjárfestingar- og fjármögnunaráætlun og lagði fram svohljóðandi bókun:

„Bæjarstjórn Garðabæjar leggur áherslu á að fram fari hið fyrsta úttekt óháðs aðila á starfsemi og verkferlum Sorpu bs. Jafnframt að teknar verði upp viðræður um fyrirkomulag á rekstri og stjórnkerfi byggðasamlaganna allra sem eru í eigu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Í þeim viðræðum verði sérstaklega horft til úttektar sem gerð var árið 2016 á stjórnkerfi byggðasamlaganna og þeirra tillagna sem þá voru fram settar“.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 4. tl., bréf Vestmannaeyjabæjar varðandi móttöku úrgangs.

Fundargerðin lögð fram.

**12. 1907106 - Fundargerðir eigendafunda Sorpu bs. frá 26/8 og 2/9 '19.**

Fundargerðirnar lagðar fram.

**13. 1904165 - Fundargerð eigendafundar Strætó bs. frá 2/9 '19.**

Fundargerðin lögð fram.

**14. 1810055 - Tillaga um innkaupa- og úrgangsstefnu Garðabæjar.**

Jóna Sæmundsdóttir, gerði grein fyrir innkaupa- og úrgangsstefnu Garðabæjar en markmið hennar er að fylgja eftir umhverfisstefnu Garðabæjar þar sem stefnt er að því að draga úr myndun úrgangs sem og auka flokkun til endurnýtingar og endurvinnslu.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, tók til máls og hrósaði umhverfisnefndinni fyrir vel unnið verk.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða innkaupa- og úrgangsstefnu Garðabæjar.

**15. 1909043 - Tillaga um að veita einfalda ábyrgð í tilefni af lántöku Sorpu bs. vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar.**

Gunnar Einarsson, gerði grein fyrir erindi Sorpu bs. um að Garðabær veiti einfalda ábyrgð, veðsetningu í tekjum til tryggingar ábyrgð og veitingu umboðs til að undirrita lánsamning. Jafnframt fylgir að taka að sér skuldbindingar sem fram koma í lánsamningi vegna láns Sorpu bs. sem tekið er hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Lánsamningur liggur frammi á fundinum. Gunnar lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir hér með á bæjarstjórnarfundum að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns SORPU bs hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að kr. 990.000.000,- til 15 ára. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Nær samþykki bæjarstjórnar jafnframt til undirritunar lánsamnings og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir.

Er lánið tekið til að fjármagna viðbótarkostnað við byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi, ásamt nauðsynlegum tækjabúnaði sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Bæjarstjórn Garðabæjar skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda SORPU bs. til að breyta ekki ákvæði samþykktu félagsins sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Garðabær selji eignarhlut í SORPU bs. til annarra opinberra aðila, skuldbindur bæjarstjórn Garðabæjar sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta. Jafnframt er Gunnari Einarssyni, bæjarstjóra, kt. 250555-4079 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. sveitarfélagsins að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.“

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls og lagði fram eftirarandi bókun.

„Það sem fram hefur komið síðustu vikur í rekstri Sorpu bs. er engan veginn í samræmi við þær yfirlýsingar um ábyrga og agaða fjármálastjórn meirihlutans í Garðabæ ekkert frekar en það sem fram hefur komið sé í takti við stefnu Garðabæjarlistans um gagnsæja stjórnsýslu eða fagleg vinnubrögð og því óásættanlegt að una við óbreytt ástand.

Undirrituð leggur til að neyðarstjórn verði skipuð undir stjórn sérfræðinga á sviðið fjármála og mannvirkjagerðar. Meginhlutverk stjórnar verði að yfirfara þær áætlanir sem til eru um byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi og öllum þeim framkvæmdum sem þeirri starfsemi fylgja. Einnig að komið verði með raunhæfar fjármögnunar – og rekstraráætlanir til langstíma, fylgt verði eftir framvindu verkefnisins og lagt fyrir stjórn Sorpu bs. SSH og borgarstjórn og bæjarstjórnir með reglubundum hætti.“ Jafnframt tel ég eðlilegt að framkvæmdastjóri Sorpu víki tímabundið úr starfi á meðan á rannsókn stendur yfir vegna framúrkeyrslu við framkvæmd gas- og jarðgerðarstöðvarinnar sem og að endurskoða þurfi fyrirkomulag byggðasamlaga í heild.“

Gunnar Valur Gíslason, tók til máls.

Bæjarstjórn samþykkir með atkvæðum allra bæjarfulltrúa að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Sorpu bs. að fjárhæð kr. 990.000.000 enda verði samhljóða tillaga samþykkt í öllum aðildarsveitarfélögunum.

#### **16. 1909244 - Tillaga Garðabæjarlistans um að boðið verði upp á morgunhressingu/hafragraut og ávexti/grænmeti í nestistíma í grunnskólum bæjarins.**

Ingvar Arnarson, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu.

Bæjarstjórn samþykkir að boðið verði upp á morgunhressingu/hafragraut áður en skólastarf hefst á morgnana og að ávextir og grænmeti verði í boði í nestistíma fyrir grunnskólabörn í Garðabæ.

Greinagerð

Flestir þekkja mikilvægi þess að borða morgunmat. Með því að tryggja aðgengi allra barna að morgunhressingu/hafragraut áður en skólastarf hefst á morgnana, stuðlar Garðabær sem sveitarfélag að hollri og næringaríkri næringu í byrjun dags hjá börnum og ungmennum sem er í takti við innleiðingu samnings um heilsueflandi samfélag. Samningur sem var undirritaður fyrir margt löngu. Eins er mikilvægt að börn fái holla næringu yfir daginn og því gott að bjóða upp á ávexti og grænmeti í nestistíma.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi framkomna tillögu og lagði til að henni verði vísað til skólanefndar og leikskólanefndar.

Björg Fenger, ræddi framkomna tillögu.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi að nýju framkomna tillögu.

Ingvar Arnarson, ræddi að nýju framkomna tillögu.

Bæjarráð samþykkir að vísa tillögunni til skólanefndar og leikskólanefndar.

#### **17. 1908154 - Tillaga um að tekjutengja afslætti af leikskólagjöldum.**

Sigríður Hulda Jónsdóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu.

Bæjarstjórn samþykkir að endurskoða afslætti á dvalargjöldum leikskóla og horft verði til tekjutengingar í öllum tilvikum. Áfram er gert ráð fyrir systkinaafslætti.

Greinargerð.

Mikilvægt er að koma á móts við tekjulága foreldra í öllum tilfellum og tryggja hagsmuni barnsins sem best.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi framkomna tillögu og lagði fram eftirfarandi bókun.

„Garðabæjarlistinn fagnar því að sjálfstæðismenn í Garðabæ sjái tilefni til þess að skoða tekjutengdan afslátt af leikskólagjöldum og viðurkenni nú loksins þá þörf að mæta tekjulægstu barnafjölskyldunum í bænum.“

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi framkomna tillögu.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi framkomna tillögu.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi að nýju framkomna tillögu.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi að nýju framkomna tillögu.

Gunnar Einarsson, ræddi framkomna tillögu.

Bæjarstjórn samþykkir framkomna tillögu og vísar henni til frekar úrvinnslu við afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bærstjórnar 19. september 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bærjarfulltrúa.

Sigurður Guðmundsson, (sign)

Gunnar Einarsson, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Björg Fenger, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**  
**36. (1897). fundur 2019**

Þriðjudaginn 24. september 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Sigurður Guðmundsson, varamaður, Björg Fenger, varamaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Hildigunnur Árnadóttir, félagsráðgjafi og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri,

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

- 1. 1908478 - Miðhraun 4 - Umsókn um byggingarleyfi.**  
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Miðhrauni 4, húsfélagi kt. 490518-0450, leyfi fyrir innri breytingum núverandi húss að Miðhrauni 4.
- 2. 1810318 - Víkurgata 12 - Umsókn um byggingarleyfi.**  
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Sigurbirni Inga Magnússyni, kt. 260976-3039, leyfi fyrir útigeymslu við hús í byggingu að Víkurgötu 12.
- 3. 1806425 - Víkurgata 14- Umsókn um byggingarleyfi.**  
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Magnúsi Mikaelssyni, kt. 041282-4609, leyfi fyrir stækkun húss í byggingu að Víkurgötu 14.
- 4. 1909066 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur - Iðnaðarsvæði í Álfsnesvík.**  
Lögð fram.
- 5. 1805169 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, Sjómannaskólareitur og Veðurstofuhæð.**  
Lögð fram.
- 6. 1908480 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts vegna lóðarinnar við Urriðaholtsstræti 40-42.**  
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að hafna umsókn lóðarhafa að Urriðaholtsstræti 40-42 um breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga austurhluta Urriðaholts vegna fjölgunar íbúða.
- 7. 1906365 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts vegna lóðarinnar við Holtsveg 55.**  
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að hafna umsókn lóðarhafa að Holtsvegi 55 um breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga austurhluta Urriðaholts vegna fjölgunar íbúða.

**8. 1903374 - Afgreiðsla skipulagsnefndar um lýsingu vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 er varðar norðurnes Álftaness.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um lýsingu vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga er tekur til svæðis á norðurnesi Álftaness. Samhliða verður unnið að gerð deiliskipulags fyrir sama svæði.

Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum. Jafnframt skal lýsingin kynnt almenningi.

**9. 1909255 - Tilkynning frá stjórn Alþjóða geðheilbrigðisdagsins varðandi hátíðardagskrá, dags. 17.09.19.**

Lögð fram.

**10. 1909249 - Bréf Golfklúbbsins Odds varðandi endurskoðun á samstarfssamningi, dags. 17.09.19.**

Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar ípróttu- og tómstundaráðs og til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.

**11. 1909307 - Bréf Hönnunarsafns Íslands varðandi vegvísa, dags. 19.09.19.**

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og vísar því til afgreiðslu bæjarstjóra.

**12. 1908257 - Bréf Sambands ísl. sveitarfélaga varðandi Skólalæping 2019, dags. 19.09.19.**

Bæjarráð vísar bréfinu til ungmennaráðs og hvetur ráðið til að taka til umfjöllunar og afgreiðslu spurningar sem Samband ísl. sveitarfélaga hefur vísað til ungmennaráða í sveitarfélögum. Jafnframt hvetur bæjarráð ungmennaráð til að senda fulltrúa til setu á Skólalæpingi 2019.

**13. 1907177 - Bréf Evrópska Ungmennafélagsins á Íslandi varðandi styrk, dags. 20.09.19.**

Bæjarráð tekur jákvætt í umsókn um styrk vegna þátttökugjalda ungmenna úr Garðabæ er sækja ráðstefnu á vegum Evrópska Ungmennafélagsins sem haldin verður í Reykjavík dagana 16. - 20. október. Bæjarráð vísar málinu til afgreiðslu bæjarstjóra.

**14. 1909327 - Bréf Skáksambands Íslands og Taffélags Garðabæjar varðandi Íslandsmótið í skák, dags. 17.09.19.**

Bæjarráð tekur jákvætt í erindi um að veita stuðning við að Íslandsmót í skák 2020 verði haldið í Garðabæ. Bæjarráð vísar málinu til afgreiðslu bæjarstjóra.

**15. 1909328 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um endurnýjun rekstrareyfis fyrir veitingastað í IKEA.**

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði endurnýjað.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 24. september 2019 upplasin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Sigurður Guðmundsson, (sign)

Björg Fenger, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**  
**37. (1898). fundur 2019**

Þriðjudaginn 1. október 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Hildigunnur Árnadóttir, félagsráðgjafi og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1909437 - Samkomulag um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum, dags. 26.09.19.**

Á fund bæjarráðs mættu Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH og Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri SSH og gerðu grein fyrir helstu atriðum í samkomulagi ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinum um fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum.

Bæjarráð samþykkir að vísa samkomulaginu til afgreiðslu bæjarstjórnar.

Björg Fengler, bæjarfulltrúi sat fund bæjarráðs undir þessum dagskrárlið.

**2. 1903468 - Drög að jafnlaunastefnu Garðabæjar.**

Á fund bæjarráðs mætti Inga Þóra Þórisdóttir, mannauðsstjóri og gerði grein fyrir drögum að jafnlaunastefnu ásamt því að fara yfir stöðu á vinnu við undirbúning að jafnlaunavottun.

Bæjarráð vísar drögum að jafnlaunastefnu til afgreiðslu bæjarstjórnar.

**3. 1909191 - Hraungata 21 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa um að veita Hafsteini ehf., kt. 411069-0289, leyfi fyrir byggingu fjölbýlishúss með 11 íbúðum að Hraungötu 21.

**4. 1909422 - Heiðarlundur 15 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa um að veita Hallgrími Sigurðssyni, kt. 010678-4719 leyfi fyrir viðbyggingu við núverandi einbýlishús að Heiðarlundi 15.

**5. 1909200 - Þernunes 13 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa um að veita Grétari Má Pálssyni, kt. 060389-2419, leyfi fyrir innri breytingum við núverandi einbýlishús að Þernunesi 13.

**6. 1909330 - Bréf Bergsins headspace varðandi rekstrarstyrk, dags. 16.09.19.**

Bæjarráð vísar erindinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.

7. **1909388 - Bréf Skáksambands Íslands varðandi styrk vegna Evrópukeppni landsliða 2019, dags. 20.09.19.**  
Bæjarráð vísar erindi um styrk til afgreiðslu bæjarstjóra.
8. **1904077 - Bréf NPA miðstöðvarinnar varðandi kröfu um hækkun á framlagi, dags. 19.09.19.**  
Lagt fram minnisblað sviðsstjóra fjölskyldusviðs, dags. 19.09.2019.  
  
Bæjarráð samþykkir tillögu í minnisblaði sviðsstjóra fjölskyldusviðs um hækkun á jafnaðartexta sem gildi frá 01.01.2019.
9. **1909389 - Bréf Starfsmannafélags Garðaskóla vegna óviðunandi aðstöðu í eldhúsi starfsmanna, dags 24.09.19.**  
Bæjarráð vísar bréfinu til bæjarstjóra og til nánari skoðunar við afgreiðslu fjarhagsáætlunar fyrir árið 2020.
10. **1901302 - Bréf félags áhugamanna um sögu Bessastaðaskóla varðandi rekstrarstyrk, dags. 25.09.19.**  
Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar menningar- og safnanefndar og til nánari skoðunar við afgreiðslu fjarhagsáætlunar fyrir árið 2020.
11. **1909409 - Bréf Norræna félagsins í Garðabæ um styrk vegna vinabæjarmóts árið 2020, dags. 25.09.19.**  
Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjarhagsáætlunar fyrir árið 2020.
12. **1909418 - Bréf Trés lífsins um minningagarð, dags. 20.09.19.**  
Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.
13. **1906176 - Fundargerð aðalfundar fulltrúaráðs EBÍ, dags. 20.09.19.**  
Lögð fram.
14. **1909367 - Bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um ársfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2019, dags. 18.09.19.**  
Lagt fram.  
  
Almar Guðmundsson, vék af fundi kl. 09:25. Gunnar Einarsson, tók sæti hans á fundinum.
15. **1909427 - Tillaga Garðabæjarlistans um virkjun til atvinnuþátttöku.**  
Bæjarráð samþykkir að vísa tillögunni til nánari útfærslu hjá fjölskylduráði.
16. **1909426 - Tillaga Garðabæjarlistans um heildar stefnumótun fyrir sveitarfélagið.**  
Bæjarráð samþykkir að vísa tillögunni til nánari skoðunar við afgreiðslu fjarhagsáætlunar
17. **1909438 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um skráningu einstaklinga (heildarlög), 101. mál., dags. 26.09.19.**  
Lagt fram.

18. 1909439 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 (endurgreiðslu virðisaukaskatts), 26. mál., dags. 26.09.19.  
Lagt fram.

19. 1909420 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á þunglyndi meðal eldri borgara 22. mál., dags. 26.09.19.  
Lagt fram.

20. 1909408 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um ráðstafanir til hagkvæmra uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta, 122. mál., dags. 25.09.19.  
Lagt fram.

Fleira ekki gert.  
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 1. október 2019 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Gunnar Valur Gíslason, (sign)  
Gunnar Einarsson, (sign)  
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

**Skipulagsnefnd Garðabæjar**  
**13. fundur 2019**

Föstudaginn 20. september 2019 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi, Anna María Guðmundsdóttir þjónustufulltrúi og Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1909084 - Strætó - Nýtt leiðanet**

Fulltrúar Strætó bs, Ragnheiður Einarsdóttir og Sólrún Svava Skúladóttir kynntu drög að nýju leiðarkerfi strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu. Skipulagsnefnd vísar tillögnum til skoðunar hjá tækni-og umhverfissviði.

**2. 1903374 - Skipulag - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 3. Norðurnes**

Lögð fram uppfærð lýsing vegna tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 í samræmi við 1.mgr.30.gr.Skipulagslaga nr.1213/2010. Tillagan verður unnin samhliða tillögu að deiliskipulagi fyrir Norðurnes. Skipulagsnefnd samþykkir lýsinguna 1.mgr.30.gr.Skipulagslaga nr.123/2010. Kynna skal lýsinguna almenningi og senda hana umsagnaraðilum og Skipulagsstofnun.

**3. 1803108 - Norðurnes Álftaness, deiliskipulag**

Ómar Ívarsson skipulagsfræðingur hjá Landslagi kynnti tillögu að deiliskipulagi fyrir Norðurnes á Álftanesi og tillögu að breytingu aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem deiliskipulagstillagan kallar á. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir einbýlishúsabyggð á landnotkunarreitum Hvols og Jörfa, parhúsum við Bessastaðatjörn, golfvelli vestan og norðan Bessastaðatjarnar, útivistarsvæðum og fuglafriðlandi við Kasthúsatjörn og á Breiðabólstaðaeyri. Vísað til frekari úrvinnslu hjá skipulagsráðgjafa og tækni- og umhverfissviði.

**4. 1710083 - Lyngásvæði, deiliskipulag L1 og L2**

Tillaga að götuheiti

Lögð fram tillaga að heiti fyrir nýja götu sem nýtt deiliskipulag gerir ráð fyrir. Málinu vísað til frekari skoðunar hjá tækni-og umhverfissviði.

**5. 1906365 - Holtsvegur 55, breyting á deiliskipulagi**

Lögð fram umsögn skipulagshöfundar og Urriðaholts ehf um tillögu að deiliskipulagsbreytingu sem skipulagsnefnd óskaði eftir.

Skipulagsnefnd telur rétt að bóka : Þó að koma megi auknu magni íbúða fyrir á lóð án aukins byggingarmagns þá eru lóðirnar seldar miðað við ákveðið byggingarmagn og ákveðin fjölda íbúða og því má telja eðlilegt er að þeir sem kaupa slíkar lóðir haldi sig innan þessara heimilda. Enda telur skipulagsnefnd slíkt skipta miklu með tilliti til uppbyggingar samgangna, skóla og leikskóla í hverfinu. Eins þarf hlutfall á milli stærða íbúða að haldast. Tillögunni er því hafnað.

Baldur Ó. Svavarsson og Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir véku af fundi undir þessum fundarlið.

**6. 1908480 - Urriðaholtsstræti 40-42 - Fjölgun íbúða. Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa**

Lögð fram fyrirspurn um breytingu deiliskipulags sem gerir ráð fyrir fjölgun íbúða um eina, úr 19 í 20 íbúðir. Lögð fram umsögn skipulagshöfunda og Urriðaholts ehf sem skipulagsnefnd óskaði eftir.

Skipulagsnefnd telur rétt að bóka : Þó að koma megi auknu magni íbúða fyrir á lóð án aukins byggingarmagns þá eru lóðirnar seldar miðað við ákveðið byggingarmagn og ákveðin fjölda íbúða og því má telja eðlilegt er að þeir sem kaupa slíkar lóðir haldi sig innan þessara heimilda. Enda telur skipulagsnefnd slíkt skipta miklu með tilliti til uppbyggingar samgangna, skóla og leikskóla í hverfinu. Eins þarf hlutfall á milli stærða íbúða að haldast.

Svar skipulagsnefndar er því neikvætt.

Í umsögn er mælt með því að lóðinni sé skipt í tvennt ef byggja á samkvæmt tillögunni. Skipulagsnefnd tekur undir það.

Baldur Ó. Svavarsson vék af fundi undir þessum fundarlið.

**7. 1706258 - Hraungata 8 (áður 10) - Umsókn um byggingarleyfi**

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Urriðaholts vesturhluta sem gerir ráð fyrir sólskála á svölum efri hæðar. Svalir eru styrktar með stoðum sem ná út fyrir byggingarreit og hefur verið vikið frá deiliskipulagi hvað það varðar. Lögð fram umsögn skipulagsráðgjafa sem mælir gegn sólskála á svölum. Skipulagsnefnd vísar tillögunni til frekari skoðunar hjá tækni-og umhverfissviði og fjármála-og stjórnsýslusviði.

**8. 1907004 - Hraungata 15-19, deiliskipulagsbreyting. Austurhluti 1.**

Málinu frestað til næsta fundar þar sem að umsögn skipulagshöfundar og Urriðaholts ehf liggur ekki fyrir.

**9. 1805169 - Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Sjómannaskólareitir og Veðurstofuhæð**

Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur sem gerir ráð fyrir breyttri landnotkun á tveimur svæðum, Veðurstofureit og Sjómannaskólareit. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd.

**10. 1909066 - Aðalskipulag Reykjavíkur - Iðnaðarsvæði í Álfsnesvík**

Lögð fram auglýsing að breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 og Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, ásamt nýju deiliskipulagi vegna iðnaðarsvæðis við Álfsvík.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd.

**11. 1909004F - afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 7**

#### 11.1 1810317 - Víkurgata 10 - Umsókn um byggingarleyfi

##### **Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 7**

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi íbúðarhússins Víkurgata 10 þar sem gert er ráð fyrir stækkun byggingarreits fyrir niðurgrafna útigeymslu á bak við stoðvegg sem nær út fyrir núverandi byggingarreit. Grenndarárhreif geymslunnar eru hverfandi. Gert er ráð fyrir dyrum í stoðvegg að geyslunni.

Skipulagsstjóri metur tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Urriðaholts Vesturhluta í samræmi við 2.mgr.43.gr.skipulagslaga nr.123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar. Grenndarkynna skal eiganda Víkurgötu númer 8 og skal undirritað samþykki eiganda þeirrar lóðar liggja fyrir þar sem að útigeymslan liggur að lóðarmörkum. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

#### 11.2 1810318 - Víkurgata 12 - Umsókn um byggingarleyfi

##### **Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 7**

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi íbúðarhússins Víkurgata 12 þar sem gert er ráð fyrir stækkun byggingarreits fyrir niðurgrafna útigeymslu á bak við stoðvegg sem nær út fyrir núverandi byggingarreit. Grenndarárhreif geymslunnar eru hverfandi. Gert er ráð fyrir dyrum í stoðvegg að geyslunni.

Skipulagsstjóri metur tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Urriðaholts Vesturhluta í samræmi við 2.mgr.43.gr.skipulagslaga nr.123/2010. Í samræmi við 3.mgr.44.gr.sömu laga er grenndarkynning felld niður þar sem að breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda og Garðabæjar. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

#### 11.3 1806425 - Víkurgata 14- Umsókn um byggingarleyfi

##### **Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 7**

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi íbúðarhússins Víkurgata 14 þar sem gert er ráð fyrir stækkun byggingarreits fyrir niðurgrafna útigeymslu á bak við stoðvegg sem nær út fyrir núverandi byggingarreit. Grenndarárhreif geymslunnar eru hverfandi. Gert er ráð fyrir dyrum í stoðvegg að geyslunni.

Skipulagsstjóri metur tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Urriðaholts Vesturhluta í samræmi við 2.mgr.43.gr.skipulagslaga nr.123/2010. Í samræmi við 3.mgr.44.gr.sömu laga er grenndarkynning felld niður þar sem að breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda og Garðabæjar. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

#### 11.4 1908224 - Keldugata 4-14 (áður 4-20) húsnúmerabreyting

##### **Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 7**

Lögð fram tillaga Urriðaholts ehf að breytingu á húsnúmerum í Keldugötu í kjölfar deiliskipulagsbreytinga.

Keldugata nr.4-6 verður nr.4, Keldugata nr.8-12 verður nr.6-12 og Keldugata nr.20 verður nr.14.

Skipulagsstjóri metur tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Urriðaholts Vesturhluta í samræmi við 2.mgr.43.gr.skipulagslaga nr.123/2010. Í samræmi við 3.mgr.44.gr.sömu laga er grenndarkynning felld niður þar sem að breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda og Garðabæjar. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

#### 11.5 1904300 - Hliðsnes - breyting húsnúmera í fasteignaskrá

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 7**

Hafnað að svo stöddu.

11.6 1907239 - Gilsbúð 7 - Umsókn um byggingarleyfi

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 7**

Lögð fram umsókn um deiliskipulagsbreytingur sem gerir ráð fyrir því að nýtingarhlutfall hækki úr 0.40 í 0.45 í samræmi við reyndarteikningar. Bílastæði á lóð eru úi samræmi við kröfur deiliskipulags.

Skipulagsstjóri metur tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Bæjargils í samræmi við 2.mgr.43.gr.skipulagslaga nr.123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar. Grenndarkynna skal eigendum Gilsbúðar 5 og 9 og Smiðsbúðar 6 og 8.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

11.7 1908042 - Vesturtún 55a - Umsókn um byggingarleyfi

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 7**

Lögð fram byggingarleyfisumsókn þar sem sótt er um að fá að breyta þaki bílageymslna í þaksvalir.

Deiliskipulag veitir ekki heimild til gerðar þaksvala. Skipulagsstjóri metur tillöguna sem óverulega breytingu á deiliskipulagi Vesturtúns í samræmi við 2.mgr.43.gr.skipulagslaga nr.123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar. Grenndarkynna skal eigendum Vesturtúns 34, 36, 38, 40, 42, 53a, 53b, 56 og 57. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

**Skólanefnd tónlistarskóla Garðabæjar**  
**5. fundur 2019**

Fimmtudaginn 19. september 2019 kl. 08:00 kom skólanefnd tónlistarskóla Garðabæjar saman til fundar í Tónlistarskóla Garðabæjar, Kirkjulundi.

Fundinn sátu: Eiríkur Þorbjörnsson aðalmaður, Einar Örn Magnússon aðalmaður, Sigrún Gísladóttir aðalmaður, Sólveig Guðrún Geirsdóttir aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður og Laufey Ólafsdóttir skólastjóri.

Fundargerð ritaði: Laufey Ólafsdóttir skólastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1909211 - Kynning á skólastarfinu 2019-2020**

Skólastjóri fór yfir skólastarfið og það sem framundan er.

Skólastarfið hefur farið vel af stað. Fjöldi nemenda er 470 og starfsmenn eru 45. Við erum með 8 starfsstöðvar í vetur, en kennsla fer fram í öllum grunnskólum Garðabæjar auk kennslu í húsnæði skólans í Kirkjulundi. Kennsla í hliðargreinum, samspil og hljómsveitir fóru af stað vikuna 9. -13. september. Kynningarfundur fyrir foreldra nýrra nemenda var 18. september í sal skólans.

Framundan eru mörg spennandi verkefni t.d. spunanámskeið fyrir yngri strengjadeild, eldri strengjadeild tekur þátt í Maxa músartónleikum í Kaldalóni í Hörpu í október, píanókennarar skólans verða með vinnustofu um spuna í lok september, við tókum þátt í vígslu nýs píanós í Bessastaðakirkju í október auk hefðbundinna hausttónleika og áfangaprófa auk margra annarra viðburða.

**2. 1909211 - Fjárhagsáætlunarvinnan framundan**

Formaður og skólastjóri fór yfir vinnuna við fjárhagsáætlun næsta árs.

Nefndin leggur áherslu á að halda áfram endurnýjun hljóðfæra sem ætluð eruð til útleigu ásamt píanókosti skólans. Þá er mikilvægt að huga að stækkun tónlistarskólans í Kirkjulundi og á Álftanesi þar sem húsnæði stendur starfsemi skólans fyrir þrífum. Auk þess þarf stöðugildi við skólann.

**3. 1909211 - Skoðanakannanir**

Skólastjóri kynnti. Gerð verður starfsmannakönnun meðal allra starfsmanna Garðabæjar síðar í vetur og verður tónlistarskólinn hluti af þeirri könnun. Foreldrakönnun fyrir foreldra nemenda í blásarafornámi.

**4. 1812061 - Fundargátt nefndarmanna - breytt innskráning - rafræn skilríki - netföng**

Lagt fram til kynningar. Formaður fór yfir breytt verklag við innskráningu.

Fleira ekki gert.  
Undirritun á næstu síðu.

HEILBRIGÐISNEFND HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS  
249. fundur –30. september 2019

Fundargerð

Fundur var haldin í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis\_mánudaginn 30. september 2019. Fundarstaður skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ. Fundur hófst kl. 16.30. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna, Páls Stefánssonar og Harðar Þorsteinssonar sem jafnframt ritaði fundargerð.

1 Fjárhagsáætlun og starfsáætlun 2020

Framkvæmdastjóri kynnti forsendur fjárhagsáætlunar fyrir 2019 og lagði fram tillögu að tímagjaldi ársins 2020. Fram koma ða nokkur óvissa væri í áætlun þar sem fyrir liggur tillaga um reglugerðarbreytingu varðandi eftirlitsskyldu fyrirtækja. Gæti það haft áhrif á eftirlitsáætlun ársins 2020.

Heilbrigðisnefnd leggur til að tímagjald verði kr.17.500 og sýnatökugjald kr.18.000. Árlegt eftirlitsgjald hunda verði kr.14.000 og eru þessar gjaldskrár hækkanir í samræmi við forsendur í starfsáætlun og í takt við áætlaðar verðlagsbreytingar á árinu 2020. Lagt er til að skráningargjald hunda lækki og verði kr.10.000.

Framlögð fjárhagsáætlun samþykkt og send sveitarfélögunum til meðferðar ásamt tillögum um breytingar á gjaldskrá.

2 Starfsleyfi og umsagnir

Lagður fram listi mála um starfsleyfi, umsagnir og annað.

Garðabær

2.3 Eyvindarholt 1, Garðabær – gistiheimili

Lögð fram umsókn Áslaugar Örnú Stefánsdóttur f.h. Álft ehf., kt. 410715-0740, dags 09.09.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs gistiheimilis að Eyvindarholti 1, Garðabæ. Fasteignanr.: 2081466.

Endurnýjun.

Eftirlitskýrsla dags. 10.09.2019.


Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 4 ára.

Hafnarfjörður

2.4 Brekkutröð 3, Hafnarfjörðuri – þurrís

Lögð fram umsókn Erlendar G. Arnarssonar, f.h. Ísblik ehf., kt. 590117-2340, dags 28.08.2019 þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu á þurrís að Brekkutröð 3, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2275801,2275802.

1

Handwritten signatures and initials in black ink, including a large signature, the initials 'SMG', and another signature.

Ný starfsemi.

Fyrir liggur minnisblað dags. 28.08.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 28.08.2019.

Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunavarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til eins árs að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa og samþykkt um notkun húsnæðis.

#### 2.5 Bæjarhraun 4, Hafnarfjörður – efnalaug

Lögð fram umsókn Guðjóns Sigurðssonar, f.h. Omo ehf., kt. 660701-2220, dags 26.09.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs efnalaugar að Bæjarhrauni 4, Hafnarfirði.

Fasteignanr.: 2074255.

Endurnýjun.

Fyrir liggur minnisblað dags. 26.09.2019.

Með vísun til ákvæða mengunavarnareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

#### 2.6 Dalshraun 13, Hafnarfjörður – hársnyrtistofa

Lögð fram umsókn Dagbjartar Láru Ragnarsdóttur, f.h. Cleopatra ehf., kt. 430203-2660, dags 13.08.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs hársnyrtistofu að Dalshrauni 13, Hafnarfirði.

Fasteignanr.: 2223731.

Endurnýjun.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags 04.07.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er mælt með samþykkt tímabundins starfsleyfis þar til úrbótum er lokið og að því loknu verði gefið út starfsleyfi til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

#### 2.7 Glitvangur 23, Hafnarfjörður – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Sverris Hjörleifssonar, f.h. Félagsvörur ehf., kt. 420904-2740, dags 10.09.2019 þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla. Lögheimil starfseminnar er að Glitvangi 23, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2074961.

Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

#### 2.8 Íshella 1, Hafnarfjörður – járnsmíðaverkstæði

Lögð fram umsókn Árna B. Halldórssonar, f.h. Kambstál ehf., kt. 411018-0160, dags 09.09.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs járnsmíðaverkstæðis að Íshelli 1, Hafnarfirði.

Fasteignanr.: 2330162.

Ný starfsemi.

Fyrir liggur minnisblað dags. 10.09.2019.

Fyrir liggur bréf til byggingafulltrúa dags. 17.09.2019. Neikvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 18.09.2019.

Með vísun til ákvæða mengunavarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 2 ára með fyrirvara um að fullnægt verði kröfum byggingafulltrúa á gildistíma starfsleyfis og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

Handwritten signatures and initials at the bottom of the page, including 'SMC' and 'KAP'.

### 2.9 Krýsuvíkurvegur Hamranes, Hafnarfjörður – spennistöð

Lögð fram umsókn Nils Gústafssonar, f.h. Landsnet hf., kt. 580804-2410, dags. 24.09.2019. 2019 þar sem sótt er um starfsleyfi til reksturs spennistöðva við Krýsuvíkurveg, Hamranesi, Hafnarfirði. Fasteignanr.: F2077143. Landsnúmer: L121527.

Ný starfsemi.

Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 24.09.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

### 2.10 Krýsuvíkurvegur Hamranes 2, Hafnarfjörður – spennistöð

Lögð fram umsókn Þorgríms St. Árnasonar, f.h. HS Veitur hf., kt. 431208-0590, dags. 26.08.2019 þar sem sótt er um starfsleyfi til reksturs spennistöðva við Krýsuvíkurveg, Hamranesi 2, Hafnarfirði. Fasteignanr.: F2503196. Landsnúmer: L227691

Ný starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 19.09.2019.

Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 19.09.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar.

### 2.11 Norðurhella 8, Hafnarfjörður – bifreiðaverkstæði bónstöð

Lögð fram umsókn Adrian Dariusson, f.h. Iceland Bifreið-AMD RentCar ehf., kt. 560616-2790, dags. 13.09.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis/bíllaleigu að Norðurhelli 8, Hafnarfirði.

Fasteignanr.: 2305375.

Ný starfsemi.

Fyrir liggur minnisblað dags. 13.09.2019. Bréf sent húseiganda varðandi olíuskilju.

Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 13.09.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun húsnæðis.

### 2.12 Skipalón 23, Hafnarfjörður - daggæsla

Lögð fram umsókn Stellu Óskar Sigurðardóttur, kt. 240781-4419, dags. 29.08.2019 þar sem sótt er um leyfi fyrir daggæslu fyrir allt að 10 börn að Skipalóni 23, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2297446.

Ný starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 24.09.2019.

Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 17.09.2019. Jákvætt svar frá byggingarfulltrúa dags. 18.09.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeplugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

### 2.13 Stakkahraun 1, Hafnarfjörður – bónstöð

Lögð fram umsókn Ngoc Son Bui, f.h. Rensa ehf., kt. 410419-1060, dags. 25.09.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs bónstöðvar að Stakkahrauni 1, Hafnarfirði.

Fasteignanr.: 2079275.

Ný starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 25.09.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar.

Handwritten signatures and initials in black ink, including a large signature that appears to be 'S.M.K.' and several other smaller signatures and initials.

#### 2.14 *Strandgata 19, Hafnarfjörður - matvöruverslun*

Lögð fram umsókn Sigríðar Margrétar Jónsdóttur, f.h. Litla Hönnunar Búðarinnar ehf., kt. 570714-1710, dags. 29.08.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með safabar að Strandgötu 19, Hafnarfirði. Fasteignanr.:2079442.

Ný starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 10.09.2019.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

#### 2.15 *Strandgata 53, Hafnarfjörður - íþróttahús*

Lögð fram umsókn Aðalsteins Hrafnkelssonar, f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 03.09.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs íþróttahúss að Strandgötu 53, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2079480.

Endurnýjun.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 10.09.2019.

Fyrir liggur úrbótaáætlun dags. 25.09.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til : 12 ára.

### Kópavogur

#### 2.16 *Borgarholtsbraut 19, Kópavogur – veitingaverslun*

Lögð fram umsókn Þórólfs Þorsteinssonar, f.h. Kársnes ehf., kt. 560119-2839, dags. 13.08.2019, þar sem sótt er um viðbót við starfsleyfi til reksturs veitingaverslunar með grillmat og íssölu að Borgarholtsbraut 19, Kópavogi. Fasteignanr.: 2059080.

Breyting á starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er mælt með starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

#### 2.17 *Bæjarlind 1-3, Kópavogur – bakarí*

Lögð fram umsókn Guðna Hólms Stefánssonar, f.h. Lindabakarí ehf., kt. 530116-0500, dags. 26.09.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bakarís að Bæjarlind 1-3, Kópavogi.

Fasteignanr.: 2235228.

Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er mælt með starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

#### 2.18 *Bæjarlind 6, Kópavogur – tannlæknastofa*


Lögð fram umsókn Gunnars Leifssonar, f.h. Tannlæknastofu Gunnars Leifssonar slf., kt. 530116-0500, dags. 26.08.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu að Bæjarlind 6, Kópavogi.

Fasteignanr.: 2237028.

Ný starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 13.09.2019.

Með vísun til ákvæða reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.b. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.



2.19 *Dalvegur 10-14, Kópavogur – dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Bjarna Friðriks Jóhannessonar, f.h. Krónan ehf., kt. 711298-2239, dags. 25.09.2019, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla. Lögheimili er að Dalvegi 10-14, Kópavogi. Dreifing er frá vöruhótelum.

Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælaeignarreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.20 *Dalvegur 16b, Kópavogur – líkamsræktarstöð*

Lögð fram umsókn Hafþórs Júlíusar Björnssonar, f.h. Thors Power Gym sf., kt. 580117-0740, dags. 23.09.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs líkamsræktarstöðvar að Dalvegi 16b, Kópavogi. Fasteignanr.: F222-7635.

Ný starfsemi.

Fyrir liggur minnisblað dags. 28.08.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 24.09.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar.

2.21 *Engihjalli 8, Kópavogur – matsölustaður*

Lögð fram umsókn Lúðvíks Þorgeirssonar, f.h. Matarhjallinn ehf., kt. 690119-1020, dags. 19.09.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matsölustaðar að Engihjalla 8, Kópavogi. Fasteignanr.: F224-7005.

Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 24.09.2019.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.22 *Hagasmári 1, Kópavogur – snyrtistofa*

Lögð fram umsókn Hoang Viet Le, f.h. Trang Hoang slf., kt. 500818-0500, dags. 19.08.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu með húðrof að Hagasmára 1, Kópavogi. Fasteignanr.: 2227650.

Ný starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 13.09.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er mælt með frestun meðan beðið er frekari gagna.

2.23 *Hamraborg 11, Kópavogur – starfsmannabústaður*

Lögð fram umsókn Arnþórs Þórðarsonar, f.h. Sólkatla ehf., kt. 440214-1260, dags. 30.08.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir starfsmannabúðir að Hamraborg 11, Kópavogi.

Ný starfsemi. Fasteignanr: 2061443, 2061445.

Eftirlitsskýrsla dags. 05.09.2019.

Fyrir liggur bréf frá umsækjanda dags. 06.09.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

Handwritten signatures and initials at the bottom right of the page, including 'SMG' and several illegible signatures.

#### 2.24 Hjallabrekka 2, Kópavogur – fiskverslun

Lögð fram umsókn Aðalbjörns Jónssonar, f.h. Hafbjörg ehf., kt. 510219-1710, dags. 02.09.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskverslunar að Hjallabrekku 2, Kópavogi.

Fasteignanr.: 206-1523.

Ný starfsemi.

Fyrir liggja teikningar dags. 02.09.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 17.09.2019.

Með vísun til ákvæða matvælaeðlugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

#### 2.25 Holtasmári 1, Kópavogur – sjúkraþjálfun

Lögð fram umsókn Unnar Sandholt, kt. 660398-2529, dags. 23.08.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir sjúkraþjálfun að Holtasmára 1, Kópavogi.

Fasteignanr.: 2241742.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 09.09.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 17.09.2019.

Með vísun til ákvæða eðlugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.b. er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykka notkun fasteignar.

#### 2.26 Kópavogsbraut 115, Kópavogur – veitingaverslun/veitingasala

Lögð fram umsókn Brynjólfs Jósteyssonar, f.h. Matstöðin ehf., kt. 511116-1200, dags. 20.08.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingaverslunar með heimilismat að Kópavogsbraut 115, Kópavogi.

Fasteignanr.: 2063654.

Endurnýjun.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 15.07.2019 þar sem settar eru fram kröfur um úrbætur.

Bréf sent byggingafulltrúa 24.09.2019.

Með vísun til ákvæða matvælaeðlugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykka notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

#### 2.27 Laufbrekka 30, Kópavogur – matvælaframleiðsla

Lögð fram umsókn Rúnars P. Gígja, f.h. Joy life ehf., kt. 450719-0640, dags. 16.09.2019, þar sem sótt er um starfsleyfi til framleiðslu á ís að Laufbrekku 30, Kópavogi. Fasteignanr.: 2063777.

Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælaeðlugerða er starfsleyfi samþykkt til 25.08.2027 og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

#### 2.28 Nýbýlavegur 14, Kópavogur – nagla- og snyrtistofa og snyrtiskóli

Lögð fram umsókn Hrafnhildar H. Þorgrímsdóttur, f.h. Priority ehf., kt. 530318-1090, dags. 15.08.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs nagla- og snyrtiskóli að Nýbýlavegi 14, Kópavogi.

Fasteignanr.: 2064405.

Ný starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 13.09.2019.

Handwritten signatures and initials in the bottom right corner of the page, including a large signature, the initials 'SMG', and other illegible marks.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 19.08.2019. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 05.09.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

#### 2.29 Vesturvör 30b, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Þorkels J. Traustasonar f.h. Matur og þökkun ehf., kt. 560216-3000, dags. 16.09.2019, þar sem sótt er um starfsleyfi til þökkunar og dreifingar matvæla að Vesturvör 30b, Kópavogi. Fasteignanr.: 2246612.

Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 17.09.2019. Jákvætt svar byggingafulltrúa frá 27.09.2019.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

### 3 Umsagnir

#### Garðabær

##### 3.1 Eyvindaholt 1, Garðabær – gistiheimili, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 05.09.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn fyrir Gistiheimilið Álftr ehf., kt. 410715-0740, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki III. Eftirlitsskýrsla dags. 10.09.2019.

Jákvæð umsögn staðfest.

##### 3.2 Kaupún 4, Garðabær – veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 20.09.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn fyrir Miklatorg hf., IKEA. kt. 541293-2809, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II.

Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 26.09.2018.

#### Kópavogur

##### 3.3 Bæjarlind 6, Kópavogur – samkoma, Tækifærisleyfi


Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 03.09.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nemendafélags MK., kt. 470576-2199, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu í Spot, Bæjarlind 6, Kópavogi þann 12.09.2019 frá kl. 22.00 – 01.00. Gestafjöldi 500

Jákvæð umsögn staðfest.

##### 3.4 Nýbýlavegur 20, Kópavogur – veitingahús, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 30.08.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn KK veitinga ehf., kt. 670710-0680, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingahús við Nýbýlaveg 20, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 08.04.2019.

Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 26.09.2010.



Handwritten signatures and initials at the bottom right of the page, including a large signature that appears to be 'SMG' and other illegible initials.

## 4 Tóbaksleyfi

### 4.1 Hvaleyrarbraut 3, Hafnarfjörður– matvöruverslun

Lögð fram umsókn Krónunnar, kt. 711298-2239, dags. 11.09.2019 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Krónan ehf., Hvaleyrarbraut 3, Hafnarfirði.

Leyfisveiting fyrir tóbaksleyfi samþykkt.

## 5 Vatnsverndarmál

### 5.1 Fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu

Lögð fram til kynningar fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu frá 4. september 2019.

*Heilbrigðisnefnd tekur undir áskorun framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, um að þegar verði hafist handa við endurskoðun á öryggissvæði vatnsverndar með hliðsjón af skýrslu Vatnaskila varðandi mat á mengunarhættu frá nýju athafnasvæði á Hólmsheiði. Þá tekur Heilbrigðisnefnd undir hvatningu framkvæmdastjórnarinnar til stjórnar SSH um að leggja fram áætlun og hefja framkvæmdir við nýjar rannsóknar- og mæliholur.*

## 6 Önnur mál

### 6.1 Hreinsun við Elliðavatn

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir störfum þjónustumiðstöðvar Kópavogs við hreinsun lóða við Elliðavatn. Búið er að hreinsa nokkrar lóðir og fjarlægja af yfirborði. Verkið hefur tafist lítillega þar sem jarðvegur hefur verið blautur og erfitt að koma að tækjum til hreinsunar. Viðbúið er að í einhverjum tilfellum þurfi að bíða með hreinsun þar til frost er komið í jörðu, svo hægt sé að koma vinnuvélum að.

### 6.2 Kæra Pizza Pizza ehf. til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála

Lagt fram til kynningar kæra Pizza Pizza ehf. til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, þar sem kærð er sú ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins að viðskiptavinir fyrirtækisins skuli hafa greiðan aðgang að salerni þegar neysla fari fram á staðnum, en að öðrum kosti verði búið svo um hnútana að neysla matvæla á staðnum sé óheimil og borð fjarlægð af afgreiðslustöðum.

### 6.3 Úrskurður Umhverfis- og auðlindaráðuneytis um handlaugar í skólahúsnæði

Lagður fram úrskurður Umhverfis- og auðlindaráðuneytis þar sem hafnað er þeirri kröfu Framsýnar menntun ehf. um undanþágu frá þeirri kröfu heilbrigðiseftirlitsins um að handlaugar skulu vera staðsettar í skólastofum. Úrskurðurinn undirstrikar þá skoðun heilbrigðisnefndar að mikilvægt sé að tryggja hreinlæti og aðgengi nemenda að öruggum sóttvörnum og fylgja skuli 3 mgr. 38. gr. reglugerðar nr.941/2002 sem kveður á um að handlaug skuli vera í hverri kennslustofu.



Handwritten signatures and initials, including 'SMC' and other illegible marks.

#### 6.4 Umsögn heilbrigðiseftirlitsins um áformaða reglugerð um skráningarskyldu.

Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlitsins um áformaða reglugerð um skráningarskyldu í samræmi við bókun á síðasta fundi.

*Ítrekuð er sú skoðun heilbrigðisnefndar að áformuð reglugerð um skráningarskyldu og þær breytingar sem þar eru boðaðar skapar almenna óvissu og veldur mismunun í atvinnulífinu. Þá er hætt við að það mikilvæga hlutverk heilbrigðiseftirlits fari forgörðum að vera leiðbeinandi fyrir atvinnurekstur t.d. hvað varðar skipulagsskilmála og hvaða þætti beri að hafa í huga þegar hafin er ný starfsemi.*

#### 6.5 Aðalfundur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi

Lagt fram fundarboð frá Samtökum heilbrigðisfulltrúa á Íslandi um að aðalfundur samtakanna fari fram 22. október n.k. að Garðatorgi 7 í Garðabæ.

#### 6.6 Haustfundur heilbrigðiseftirlitssvæða

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir að haustfundur heilbrigðiseftirlitssvæða verði haldinn 22.-23. október n.k. í fundarsölum bæjarstjórnar Garðabæjar að Garðatorgi og að fundurinn verði í umsjón heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

#### 6.7 Réttindanámskeið heilbrigðisfulltrúa

Umhverfisstofnun í samvinnu við Matvælastofnun stóð fyrir réttindanámskeiði fyrir heilbrigðisfulltrúa 16. – 20. september s.l. og sóttu tveir starfsmenn heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis námskeiðið.


#### 6.8 Gæludýr í strætó

Lögð fram tilkynning frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þar sem ráðuneytið fellst á að veita Strætó bs. undanþágu frá 3. ml. 2. mgr. 55. gr. reglug. nr.941/2002 um hollustuhætti, um að dýr megi ekki flytja í almennum farþegarýmum samgöngutækja. Undanþágan gildir fyrir strætisvagna Strætó bs. á höfuðborgarsvæðinu og gildir undanþágan fyrir gælidýr sem heimilt er að halda hér á landi enda sé það á ábyrgð eiganda þess að dýrin hvorki skapi hættu né óþægindi fyrir aðra á meðan ferð stendur.

*Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að samkvæmt skilyrðunum er undanþágan bundin við þau gæludýr sem eru skráð í samræmi við samþykktir um hunda- og kattahald í hluteigandi sveitarfélögum.*


#### 6.9 Staðsetning dælustöðva N1 við stórmarkaði

Lagt fram bréf Hinriks Arnar Bjarnasonar framkvæmdastjóra N1 ehf. dags. 25. 09.2019 þar sem lýst er áformum Festi hf, móðurfélags N1 og Krónunnar, um að koma fyrir sjálfsafgreiðslu dælustöðvum við stórmarkaði (Skógarlind 2 í Kópavogi og áformaða verslun Krónunnar að Norðurhelli 1 í Hafnarfirði). Fram kemur að á stöðvunum verði einungis selt bensín, dísel og rúðuvökvi. Með því að vera ekki með hraðdælu, litaða dísel né Ad Blue verði spornað við því að atvinnutæki komi inn á stöðvarnar, sem verða á bílastæðum verslananna. Þá kemur fram að tryggt verði að olíuflutningar á stöðina fari ávallt fram utan opnunartíma viðkomandi verslana.



Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að mikilvægt sé að umferðastýring við dælustöðvarnar tryggji öryggi gangandi vegfarenda eins og kostur er.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:10.




Jón Haukur Ingvason



Sigurður Grétarsson



Ingibjörg Hauksdóttir



Linda Hrönn Þórisdóttir



Sævar Gíslason



Gnýr Guðmundsson



## FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

### 309. fundur

Föstudaginn 30. ágúst 2019 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. að Hesthálsi 14 og hófst hann kl. 11:00.

#### Mætt voru

Björg Fenger (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Helga Ingólfssdóttir (HI), Kolbrún Þorsteinsdóttir (KP), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ) og Karen Halldórsdóttir (KH).

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

#### Dagskrá fundar:

- 1) Útboð á greiðslukerfi
- 2) Fjárhags- og rekstraráætlun 2020-2024
- 3) Vagnakaupaútboð
- 4) Leiðarnetsmál
- 5) Akstursþjónusta fatlaðs fólks - staðan
- 6) Önnur mál

#### Tekið fyrir:

##### 1. Útboð á greiðslukerfinu

Fyrir liggja útboðsgögn vegna rafræns greiðslukerfis í Strætó. Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að bjóða út rafrænt greiðslukerfi.

##### 2. Forsendur fjárhagsáætlunar 2020

Farið yfir drög að forsendum fjárhagsáætlunar fyrir 2020 – 2024. Drögin verða lögð fram á eigendafundi Strætó n.k. mánudag.

##### 3. Vagnakaup - útboð

Umræður um næstu skref í vagnakaupum, stjórn Strætó óskar eftir að fá fulltrúa Sorpu inn á næsta stjórnarfund. Áframhaldandi umræða á næstu stjórnarfundum um málið. Stefnt að því að sameina fjárfestingu ársins 2019 og 2020 í eitt útboð.

##### 4. Leiðanet

Fyrir fundinum liggja drög að vinnuskjali dagsett 28. ágúst 2019 yfir mögulegar breytingar á leiðaneti Strætó 2020.

Stjórn Strætó samþykkir að farið verði í leiðanetsbreytingar á leið 21 innan Hafnarfjarðar frá miðju ári 2020, en fyrir liggur samþykki Hafnarfjarðar um að kostnaður vegna þessarar breytingar, 24 milljónir króna á ári, verði greiddur af sveitarfélaginu. Stjórn Strætó samþykkir að breyting á leið 5 sem gerð var á síðasta ári gildi áfram en kostnaður vegna þess er um 7 milljónir króna á árinu 2020

Farið var yfir drög að nýju leiðaneti almenningsgangna.

Umræður um málið.



## 5. Akstursþjónusta fatlaðs fólks - staðan

---

Stjórn Strætó brýnir fyrir stjórn SSH að taka ákvörðun um framtíðarfyrirkomulag akstursþjónustunnar. Mikilvægt er að ákvörðun liggja fyrir sem fyrst þannig að vinna við gerð útboðsgagna, skoðun á fjárfestingu á tölvukerfi til að auka sjálfsþjónustu viðskiptavina, lagfæring á núverandi tölvukerfi sem og vinna við að bæta tengingar við leigubílastöðvar geti farið fram þannig að nýtt skipulag geti teki gildi um mitt næsta ár.

## 6. Önnur mál

---

- Staða dómsmála. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna
- Fyrir fundinum liggur leigusamningur um kaffiaðstöðu fyrir vagnstjóra í Mjóddinni. Stjórn samþykkir samninginn.
- Fyrirspurn frá fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um starfslokasamninga hjá Strætó frá 2012 til dagsins í dag. Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara.

**Fundi slitið kl. 13:00**

**Fylgiskjöl:**

\_\_\_\_\_  
Björg Fenger

\_\_\_\_\_  
Hjálmar Sveinsson

\_\_\_\_\_  
Helga Ingólfssdóttir

\_\_\_\_\_  
Karen Halldórsdóttir

\_\_\_\_\_  
Kolbrún Þorsteinsdóttir

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR

413. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) haldinn á skrifstofu SORPU bs., Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík þann 27.09.2019, kl.07:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir, Kristinn Andersen, Jóna Sæmundsdóttir og Kolbrún Þorsteinsdóttir. Bjarni Torfi Álfþórsson, Magnús Örn Guðmundsson og Ágúst Bjarni Garðarsson boðuðu forföll. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri og Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur. Gestir fundarins undir lið 4 voru Erlendur Gíslason lögmaður hjá Logos og Eypóra Geirsdóttir lögfræðingur hjá borgarlögmannsembættinu.

Tilkynning hefur borist frá Reykjavíkurborg um að nýr varamaður í stjórn SORPU bs. er Sabine Leskopf og kemur í stað Kristínar Soffíu Jónsdóttur.

Tekið fyrir:

- 1. Fjármögnun tækjabúnaðar í móttökustöð og bygging gas- og jarðgerðarstöðvar**  
Öll sveitarfélögin hafa samþykkt ábyrgð á láni fyrir SORPU bs. og stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga hefur samþykkt lánveitingu að upphæð 990 milljónir. Bókanir úr fundargerðum sveitarfélaganna lagðar fram. Málið rætt.
- 2. Úttekt á verkferlum og fyrirkomulagi**  
Stjórn samþykkir að fela innri endurskoðun Reykjavíkurborgar að gera úttekt á starfsemi félagsins skv. framlögðu minnisblaði.
- 3. Rekstraráætlun 2020 - 2024**  
Framkvæmdastjóri kynnir drög að rekstraráætlun 2020 – 2024. Málið rætt.
- 4. Bréf Landslaga til LOGOS vegna kröfu ÍAV**  
Lagt fram bréf Landslaga, dagsett 28. ágúst 2019 vegna kröfu ÍAV vegna útboðs á byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar. Gestir fundarins fóru yfir málið. Málið rætt. Stjórn felur Erlendi Gíslasyni að svara bréfi Landslaga.
- 5. Framvinda byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar**  
Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir framvinduskýrslu vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar. Byggingin er á áætlun, búið er að steypa um 87% af áætluðu steypumagni og telst verið í heild 80% lokið. Áfallinn kostnaður er um 2.900 milljónir króna. Vegna tafa við fjármögnun tækjabúnaðar í móttökustöð er útlit fyrir að ekki verði hægt að taka stöðina í notkun fyrr en í apríl/maí 2020.

*[Handwritten signatures and initials]*

**6. Framvinda stækkunar móttökustöðvar í Gufunesi**

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir framvinduskýrslu vegna stækkunar móttöku- og flokkunarstöðvar í Gufunesi. Búið er að steypa um 45% af áætluðu steypumagni og telst verkið vera 42% lokið.

**7. Metannotkun hjá Strætó bs.**

Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri greina frá fundi með stjórn Strætó bs. um hugsanlega notkun Strætó bs. á metani. Málið rætt. Formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram

**8. Fyrirspurn bæjarráðsfulltrúa í Kópavogi**

Lögð fram fyrirspurn sem lögð var fram í bæjarráði Kópavogs þann 3. september sl. Svar framkvæmdastjóra kynnt.

**9. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í Reykjavík um nýtingu og sölu á metans hjá SORPU bs., R19090140**

Lögð fram ofangreind fyrirspurn sem lögð var fram í borgarráði þann 12. september sl.

**Næsti fundur**

Næsti fundur ákveðinn þann 7. október 2019 kl. 07:30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 09:45

Fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Jóna Svendsdóttir  
Kolbrún Jón Jónsson  
Katrín Andri

Ólafur Guðrún Eva Jóhannesdóttir  
Kolbrún G. Þorvald  
Bjarni Hjartarson  
Bjarni Hjartarson



## Stjórn SSH 475. fundur

Mánudaginn 9. september 2019, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Rósa Guðbjartsdóttir formaður, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH sem ritaði fundargerð. Karl Magnús Kristjánsson boðaði forföll.

Gestir fundarins voru Guðrún Edda Finnbogadóttir úr samninganefnd SSH, Hrafnkell Á. Proppé frá SSH, Ebba Schram borgarlögmaður og Erik Tryggvi Striz Bjarnason sérfræðingur.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

### 1. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu – aðgerðir og verkefni framundan / málsnr. 1903002

#### a) Drög að samkomulagi kynnt.

Viðræður um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu til 2033 hafa farið fram í umboði þriggja ráðherra, forsætis- samgöngu- og fjármálaráðherra og stjórn samtaka sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu (SSH) síðan á vormánuðum 2019. Viðræðurnar fóru m.a. fram með vísan til viljayfirlýsingar um viðræður um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu sem undirrituð var af samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og framkvæmdastjórum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu 21. september 2018 sem og skýrslu verkefnishóps um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu til 2033 frá nóvember 2018. Stýrihópur viðræðna var skipaður af ráðherrunum þremur, formanni og varaformanni stjórnar SSH og borgarstjóra Reykjavíkur. Starfshópur (samninganefnd) var skipaður einum fulltrúa frá forsætisráðherra, einum fulltrúa frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og einum fulltrúa frá fjármála og efnahagsráðherra og þremur fulltrúum frá samtökum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu (SSH).

Umræður.

#### Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að kynningarfundur um samkomulagið verði haldinn miðvikudaginn 11. september kl: 8 og felur framkvæmdastjóra að senda út tilkynningu til allra kjörinna fulltrúa á höfuðborgarsvæðinu.

Stjórn SSH samþykkir að vísa samkomulaginu til sveitarfélaganna til umræðu og afgreiðslu að lokinni undirskrift en gert er ráð fyrir að framkvæmdastjórar sveitarfélaganna og fulltrúar ríkisstjórnarinnar undirriti samkomulagið 11. september n.k með með fyrirvörum skv. samkomulaginu.

Er framkvæmdastjóra falið að senda samninginn til aðildasveitarfélaganna til efnislegrar umfjöllunar og afgreiðslu að lokinni undirskrift. Jafnframt felur stjórn framkvæmdastjóra að fylgja málinu eftir með kynningu í borgarráði og bæjarráðum, verði eftir því óskað.

#### b) Kynning á samkomulagi.

Þennan fundarlið sátu Þórmundur Jónatansson frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðumeytinu og Kolbeinn Marteinnsson frá Athygli. Farið var yfir kynningarefni samkomulagsins.

Ekki fleira gert. Fundi lauk kl. 14:00

Páll Björgvin Guðmundsson  
Fundarritari.



## Stjórn SSH 476. fundur

Þriðjudaginn 25. september 2019, kl. 08:00, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Rósa Guðbjartsdóttir formaður, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins voru Birgir Björn Sigurjónsson og Guðrún Edda Finnbogadóttir úr samninganefnd SSH og Hrafnkell Á. Proppé frá SSH.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

### 1. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu – aðgerðir og verkefni framundan / málsnr. 1903002

- a) Samkomulag um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum, þar með talið innviðum almenningsamgangna, á höfuðborgarsvæðinu til 15 ára, þ.e. til og með ársins 2033.
- b) Samkomulag varðandi rekstur almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Umræður.

#### Niðurstaða fundar:

Stjórn SSH samþykkir að vísa samkomulaginu sbr. a og b lið til sveitarfélaganna til umræðu og afgreiðslu að lokinni undirskrift.

Er framkvæmdastjóra falið að taka saman megin atriði samkomulagsins og helstu breytingar frá fundi sveitarfélaganna í Fagralundi 11. september. Þá einnig að senda samninginn til aðildasveitarfélaganna til efnislegrar umfjöllunar og afgreiðslu að lokinni undirskrift. Jafnframt felur stjórn framkvæmdastjóra að fylgja málinu eftir með kynningu í borgarráði og bæjarráðum, verði eftir því óskað.

### 2. Aðalfundur SSH.

Fyrir liggur tillaga um að Aðalfundur SSH verði haldinn 15. nóvember 2019 í Hafnarfirði.

Umræður.

#### Niðurstaða fundar.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og felur framkvæmdastjóra að hefja nauðsynlegan undirbúning vegna aðalfundarins.

Ekki fleira gert. Fundi lauk kl. 09:10

Páll Björgvin Guðmundsson  
Fundarritari.

## Jafnlaunastefna Garðabæjar

Garðabær leggur áherslu á að veita íbúum bæjarins framúrskarandi þjónustu og sækist eftir að ráða til starfa metnaðarfulla og færa einstaklinga sem eru jákvæðir, faglegir og áreiðanlegir. Launastefna Garðabæjar er mikilvægur hlekkur í að styðja við þau markmið. Jafnlaunastefnan er ennfremur launastefna Garðabæjar.

Allar launaákvæðanir skulu vera gagnsæjar, málefnalegar, skjalfestar og rekjanlegar. Launaákvæðanir eru byggðar á kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag. Laun taka mið af þeim kröfum sem starf gerir til starfsmanns og er stuðst við stigamat Starfsmats við mat á verðmæti starfa.

Markmið Garðabæjar er að allir starfsmenn njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar. Jafnverðmæt störf skal grunn launaraða á sama hátt og skulu öll persónuleg viðbótarlaun samkvæmt kjarasamningum rökstyðjast með staðfestum gögnum. Komi ómálefnalegur launamunur í ljós skal bregðast við í samræmi við jafnlaunamarkmið innan skilgreinds tímaramma með það að leiðarljósi að jafna stöðu starfsmanna óháð kyni.

Bæjarstjóri ásamt sviðsstjórum sviða Garðabæjar bera ábyrgð á innleiðingu jafnlaunastefnu bæjarins og hafa mannauðsstjóri og deildarstjóri kjaradeildar þá ábyrgð að framfylgja stefnunni.

Jafnlaunastefnunni er ætlað að tryggja að jafnréttis sé gætt við allar launaákvæðanir. Með því er átt við þá stefnu að greiða starfsmönnum jöfn laun fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf samkvæmt skilyrðum jafnréttis laga, ásamt öllum öðrum lögum og reglum sem tryggja að fyllsta jafnræðis sé gætt við launaákvæðanir. Jafnlaunakerfi Garðabæjar er ætlað að tryggja framkvæmd á jöfnum launum fyrir jafnverðmæt störf óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum þáttum.

Jafnlaunakerfi Garðabæjar skal ávallt standast allar lagalegar kröfur ásamt kröfum jafnlaunastaðals ÍST-85:2012 með stöðugum umbótum, eftirliti og viðbrögðum. Jafnlaunastefna og jafnlaunakerfi skal vera skjalfest í gæðahandbók, vera aðgengileg á innri og ytri vef og endurskoðast árlega. Jafnlaunastefnu skal kynna starfsmönnum ásamt niðurstöðum launagreininga.